



SAMKOMULAG UM AÐ LJÚKA MÁLI MEÐ SÁTT

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið) hefur haft til meðferðar mál gagnvart Stoðum hf. (hér eftir ýmist Stoðir hf. eða málsaðili) um hvort málsaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 58. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að hafa ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín um að eignast virkan eignarhlut í TM hf. og eftirfarandi eftirlitsskyldum dótturfélögum þess: Lykli fjármögnun hf., Íslenskri endurtryggingu hf. og TM líftryggingum hf.

Með bréfi málsaðila, dags. 18. janúar sl., var lýst yfir vilja til að ljúka málinu með sátt. Málið telst upplýst og telur Fjármálaeftirlitið forsendur til að ljúka málinu með sátt við málsaðila.

I. Málsvik

Málsaðili er samkvæmt heimasíðu félagsins fjárfestingarfélag sem fjárfestir til langs tíma og hefur virka aðkomu að fjárfestingum sínum. Heildareignir málsaðila við árslok 2020 voru 32 milljarðar króna. Með flöggunartilkynningu, sem birtist í fréttakerfi kauphallar Nasdaq á Íslandi 5. mars 2020, var greint frá því að málsaðili hefði eignast 11,66% eignarhlut í TM hf. en að atkvæðisréttur málsaðila myndi takmarkast við 9,99% eignarhlut þar til hann fengi heimild frá Fjármálaeftirlitinu til að fara með virkan eignarhlut í TM hf.

TM hf. var á þessum tíma með starfsleyfi sem váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi. Þá átti TM hf. að fullu þrjú félög sem stunduðu starfsleyfisskyldan rekstur: Íslenska endurtryggingu hf., TM líftryggingar hf. og Lykil fjármögnun hf. (hér eftir sameiginlega nefnd dótturfélögin). Tvö fyrrnefndu félögin eru með starfsleyfi samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi en síðastnefnda félagið er með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið veitti því athygli að málsaðili virtist hafa eignast beinan virkan eignarhlut í TM hf., og þar af leiðandi óbeinan virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum dótturfélögum þess, án þess að hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um áform sín fyrir fram, sbr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og sent viðeigandi upplýsingar og gögn.

II. Málsmeðferð

Með bréfi til málsaðila, dags. 11. mars. 2020, áréttaði Fjármálaeftirlitið skyldu félagsins til að senda tilkynningu um virkan eignarhlut í TM hf. og eftirlitsskyldum dótturfélögum þess. Þá var félaginu tilkynnt um niðurfellingu atkvæðisréttar þess í TM hf., sbr. 62. gr. laga um váttryggingarstarfsemi.

Með bréfi, dags. 27. mars. 2020, óskaði málsaðili eftir heimild til að fara með virkan eignarhlut í TM hf. og eftirlitsskyldum dótturfélögum þess. Óskað var frekari gagna svo Fjármálaeftirlitið gæti lagt mat á tilkynningu málsaðila. Hinn 28. september 2020 var tilkynnt að stjórnir TM hf. og Kviku banka hf. hefðu hafið viðræður um sameiningu félaganna en málsaðili taldi að ef af sameiningu yrði færi hann ekki með virkan eignarhlut. Með vísan til þessa, og að beiðni málsaðila, samþykkti Fjármálaeftirlitið að veita málsaðila frekari frest til að skila fullbúinni umsókn, eða til 20. nóvember 2020. Með bréfi, dags. 23. nóvember 2020, ákvað málsaðili að afturkalla umsókn sína um virkan eignarhlut í TM hf. og eftirlitsskyldum dótturfélögum. Í kjölfar þess, eða 3. desember 2020, seldi málsaðili að eigin frumkvæði eignarhluti umfram 10% í TM hf..

Með bréfi, dags. 22. desember 2020, upplýsti Fjármálaeftirlitið málsaðila um að svo virtist sem hann hafi brotið gegn tilkynningarskyldu 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki með því að láta hjá líða að tilkynna eftirlitinu fyrir fram um áform þess um að eignast virkan eignarhlut í TM hf. og dótturfélögum þess. Þá var athygli málsaðila vakin á því að brot gegn ákvæðunum kynnu að varða stjórnvaldssektum, sbr. 24. tölulið 1. gr. 165. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 20. tölulið 1. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Gaf Fjármálaeftirlitið málsaðila færi á að koma að sjónarmiðum sínum varðandi framangreint.

Með bréfi, dags. 18. janúar 2021, lýsti málsaðili afstöðu sinni til þeirra atriða sem komu fram í fyrrgreindu bréfi Fjármálaeftirlitsins. Þar kom fram að málsaðili teldi að aðstæður í málinu væru með þeim hætti að ekki væri ástæða til að gera honum stjórnvaldssekt í málinu. Byggði sú afstaða m.a. á því að ekki hefði verið um ásetningsbrot að ræða, atkvæðisrétturinn sem fylgdi hinum keyptu hlutum hefði ekki falið í sér grundvallarbreytingu á möguleikum málsaðila til að hafa áhrif á rekstur TM hf., enda hafi eignarhlutur málsaðila aðeins aukist um 1,67%, auk þess sem málsaðili hefði í reynd ekki notið aukins atkvæðisréttar í TM hf. eftir kaupin, enda hefði ekki verið tilkynnt um fyrirhugaðan virkan eignarhlut fyrirfram. Loks hefði málsaðili brugðist fljótt við erindi Fjármálaeftirlitsins og sent inn tilkynningu um virkan eignarhlut u.þ.b. tveimur vikum eftir að bréf eftirlitsins barst félaginu og að yfirsjónin hefði haft óveruleg, ef einhver, áhrif og ekki þau áhrif að verndarhagsmunum reglna um virka eignarhluti hafi verið teft í tvísýnu. Þá vísaði málsaðili til samstarfsvilja við meðferð málsins. Að lokum sagði málsaðili í bréfinu að teldi

Fjármálaeftirlitið, þrátt fyrir framangreint, ástæðu til að gera málsaðila stjórnvaldssekt þá væri það vilji málsaðila að ljúka málinu með sátt.

III. Lagagrundvöllur

Í 44. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi er virkur eignarhlutur skilgreindur sem „Bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags“. Sömu skilgreiningu er að finna í 21. tölulið 1. mgr. 1. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki.

Í 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi er sú skylda lögð á þann, sem einn sér eða í samstarfi við aðra, hyggst eignast virkan eignarhlut í váttryggingafélagi með starfsleyfi útgefið hér á landi, að hann tilkynni Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Tilkynningunni þurfa að fylgja viðeigandi upplýsingar og gögn og geta kaupin ekki komið til framkvæmda fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka afstöðu til tilkynningarinnar er liðinn eða eftirlitið hefur tilkynnt viðkomandi að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn, sbr. 2. mgr. 58. gr. sömu laga. Að því er varðar fjármálafyrirtæki er sambærileg ákvæði að finna í 1. og 2. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Brot gegn 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi kann að varða stjórnvaldssekt, sbr. 24. tölulið 1. mgr. 165. gr. sömu laga. Sömuleiðis kann brot gegn 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki að varða stjórnvaldssekt, sbr. 20. tölulið 1. mgr. 110. gr., eða þyngri refsingu samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 112. gr. b.

Um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málinu með sátt er fjallað í 166. gr. laga um váttryggingastarfsemi, 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglum nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

IV. Niðurstaða

Með kaupum Stoða hf. á auknum hlut í TM hf. hinn 5. mars 2020 jókst hlutdeild félagsins í TM hf., og þremur eftirlitsskyldum dótturfélögum þess, úr 9,9% í 11,66%. Þar með uppfyllti eignarhlutur málsaðila í TM hf., og dótturfélögum þess, hugtaksskilyrði virks eignarhlutar, sbr. 44. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 21. tölulið 1. mgr. 1. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki.

Varðandi sjónarmið málsaðila, sem komu fram í bréfi 18. janúar 2021, um að með viðskiptum málsaðila 5. mars 2020 hafi ekki orðið grundvallarbreyting á möguleikum málsaðila til að hafa áhrif á rekstur TM vísar Fjármálaeftirlitið til þess að ljóst sé af 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi, sbr. 44. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna, og 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 21. tölulið 1. mgr. 1. gr. a laganna, að málsaðila var skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um

framangreind viðskipti við það eitt að eignast virkan eignarhlut. Þar breyti engu hversu mikið möguleikar málsaðila til að hafa áhrif á rekstur TM hf. jukust með kaupnum. Þá hafi ekki áhrif að legið hafi fyrir frá því málsaðili birti flöggunartilkyningu sína vegna viðskiptanna að hann myndi ekki nýta atkvæðisrétt sinn í TM hf. umfram 9,99% fyrr en að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins til að fara með virkan eignarhlut í félaginu. Skýrlega er kveðið á um í 62. gr. laga um váttryggingastarfsemi og 45. gr. laga um fjármálafyrirtæki að ef aðili tilkynni Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut falli niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður.

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna málsins telst því sannað að málsaðili tilkynnti Fjármálaeftirlitinu ekki fyrir fram um áform sín um að afla sér virks eignarhlutar í TM hf. og þremur eftirlitsskyldum dótturfélögum þess. Af þeim sökum telst málsaðili hafa brotið gegn 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi, þegar hann eignaðist beinan virkan eignarhlut í TM hf. og óbeinan virkan eignarhlut í Íslenskum endurtryggingum hf. og TM líftryggingum hf. Þá telst málsaðili hafa brotið gegn 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki þegar hann eignaðist óbeinan virkan eignarhlut í Lykli fjármögnun hf.

Brot á 1. mgr. 58. gr. laga um váttryggingastarfsemi geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 24. tölul. 1. mgr. 165. gr. laganna. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 100.000 kr. til 50.000.000 kr., sbr. 2. mgr. 165. gr. laganna. Einnig geta brot á 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 kr. til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 165. gr. laga um váttryggingastarfsemi skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða. Samsvarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 110. gr. laga um fjármálafyrirtæki en þar segir að auk framangreindra atriða skuli m.a. taka tillit til fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila og hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á lögunum með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 166. gr. laga um váttryggingastarfsemi, 111. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri

en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur Fjármálaeftirlitið horft til þess að ákvæðum X. kafla laga um váttryggingastarfsemi og VI. kafla um fjármálafyrirtæki er ætlað að tryggja að stórir hluthafar í váttryggingarfélögum og fjármálafyrirtækjum séu hæfir til að fara með eignarhlutinn. Þannig er dregið úr hættunni á að stórir hluthafar geti haft skaðleg áhrif með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækjanna eða markaðarins. Mikilvægt er að aðilar virði skylduna til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhuguð kaup þannig að eftirlitið hafi raunhæft tækifæri til að meta hæfi fyrirhugaðra kaupenda áður en af viðskiptum verður.

Þá er einnig litið til þess að málsaðili er fjárfestingarfélag sem fjárfestir til langs tíma og hefur virka aðkomu að fjárfestingum sínum. Verður því að telja að málsaðili hafi yfir að búa sérfræðipækkingu á sviði fjármálamarkaða og hefði því mátt að vera ljóst hvaða reglur giltu um virkan eignarhlut í váttryggingarfélögum og fjármálafyrirtækjum. Þá verður að telja þann samstarfsvilja sem málsaðili sýndi við meðferð málsins ekki vera þess eðlis að hann eigi að leiða til sérstakrar lækkunar á sektarfjárhæð þó litið hafi verið til hans þegar metið var hvort forsendur voru til staðar til að ljúka málinu með samkomulagi um sátt.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brota málsaðila og atvikum máls að öðru leyti er málsaðila hér með boðið að ljúka málinu með sátt um brot og til greiðslu sektar að fjárhæð 3.700.000 kr. til ríkissjóðs.